

6.5.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Frágangur handlista

Í grein 6.5.2 í byggingarreglugerð segir:

„Handlistar bygginga skulu vera beggja vegna við skábrautir í 0,70 m og 0,90 m hæð og þola þá áraun sem vænta má að þeir verði fyrir.

Hæð handlista í stigum og tröppum bygginga skal vera á bilinu 0,80 m - 0,90 m. Hæð handlista í tröppum mælist frá tröppunefi og lóðrétt að efri brún handlista.

Handlisti skal ná minnst 0,30 m fram fyrir neðsta stigaprep og 0,30 m upp fyrir efsta stigaprep í hverju stigahlaupi og ganga skal þannig frá endum hans að ekki sé hætta á slysum. Handlisti að ljósopi milli stigahlaupa skal vera heill og óslitinn frá neðsta þrepi að því efsta. Gagnstæður handlisti skal vera heill og óslitinn á milli hæða, nema þar sem dyr liggja að stigapalli.

Þar sem handrið er í 0,90 m hæð má sleppa sérstökum handlista, að því tilskildu að efri brún handriðsins nýtist sem handlisti.

Fjarlægð handlista frá vegg eða handriði skal ekki minni en 50 mm. Handlisti má ekki vera innfelldur í vegg. Hann skal þannig frágenginn að auðvelt sé að grípa um hann og festing hans við vegg eða handrið, á að vera þannig að fólk þurfi ekki að sleppa handlistanum þar sem hann er festur.


Þar sem krafist er algildrar hönnunar skal handlisti vera afgerandi og vel sýnilegur fólki með skerta sjón. Verði óhjákvæmilegt rof á handlista skal við enda hans koma fyrir merki sem gefur sjónskertum til kynna rof hans.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar


1 1. mgr.:

Handlista beggja vegna tryggja að fólk með aðra hlið skerta geti notað þá.



Mynd 1. Handlistar skábrauta, öll mál í mm

2 2. mgr.: Sjá mynd 2



Mynd 2. Hæð handlista í stigum

3 Í 3. mgr. Láréttur handlisti sem nær 0,30 m fram fyrir stigaprep gefur hreyfiskertum stuðning við að klára síðasta þrep, einnig segir það sjónskertum til um það, að tröppunum sé lokið.

Ljósop er opið á milli stigahlaupa og handlisti umhverfis það skal vera heill og óslitinn alla stigallengdina. Láréttur óslitinn handlisti utan um stigapípu skal ná 0,30 m fram fyrir efsta og neðsta stigaprep í hverju stigahlaupi, sjá mynd 5.



Mynd 3. Dæmi um óslitinn handlista



Mynd 4. Endi handlista fram fyrir efsta og neðsta þrep




Mynd 5. Dæmi um óslitinn handlista utan um ljósop og handlista 0,3 m fram fyrir efsta og neðsta þrep þar sem dyr liggja að stigapalli og utan um ljósop




Mynd 6. Dæmi um handlista 0,3 m fram fyrir neðsta þrep. Hér þarf að ganga betur frá endum handlista til að forðast slys

4. mgr.: Sjá mynd 7



Mynd 7. Handrið 0,90 m að hæð án sérstaks handlista

4 5. mgr.: Þversnið handlista milli 40-50 mm tryggir að flestir geti notað það, þar sem nær allir ná góðu taki utan um handlista með þversniði á þessu stærðarbili.



Mynd 8. Fjarlægð handlista frá vegg

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	28.8.2012
1.1	2. breyting á byggingarreglugerð	25.2.2013
1.2	6. breyting á byggingarreglugerð	6.7.2017
1.3		29.8.2017
1.4	7. breyting á byggingarreglugerð. Letur stækkað	19.6.2018
1.5	Úrehtar tilvísanir fjarlægðar	27.6.2019
1.6	Tilvísanir fjarlægðar	7.10.2019
1.7	MVS breytt í HMS	6.2.2020
1.8	9. breyting á byggingarreglugerð. Einfaldað. Yfirlit yfir breytingar.	16.11.2020